

Auður Aðalsteinsdóttir
Friðgeir Andri Sverrisson
Sigurgrímur Skúlason

Ágúst, 2013



Próf í íslensku fyrir umsækjendur um ríkisborgararétt
Ársskýrsla um framkvæmd og niðurstöður 2012

Efnisyfirlit

Endurskoðun og framkvæmd	4
Dreifing stiga.....	5
Einstakir prófhlutar.....	6
Innri fylgni prófhluta.....	9
Pátttakendur	10
Fjöldi próftaka	10
Aldur próftaka	12
Uppruni próftaka	14
Kyn próftaka	17
Viðauki.....	19
Mynd 1: Dreifing heildarstiga árið 2012 skipt eftir tímabilum.....	5
Mynd 2: Dreifing heildarstiga árin 2009-2012.	5
Mynd 3: Stigadreifing í lestrarhluta prófsins 2012.....	7
Mynd 4: Stigadreifing í hlustunarhluta prófsins 2012.....	7
Mynd 5: Stigadreifing í ritunarhluta prófsins 2012.	8
Mynd 6: Stigadreifing í talhluta prófsins 2012.	8
Mynd 7: Þróun í próftöku síðustu fjögur árin.....	10
Mynd 8: Búseta próftaka flokkuð niður eftir landshlutum (Höfuðborgarsvæðið, Suðurnes, Vesturland, Vestfirðir, Norðurland Eystra, Norðurland Vestra, Austurland og Suðurland).	11
Mynd 9: Próftökuhlutfall eftir prófstöðum (höfuðborgarsvæðið, Akureyri, Egilsstaðir og Ísafjörður).	11
Mynd 10: Aldursdreifing próftaka árin 2009-2012.....	13
Mynd 11: Hlutfall einstaklinga innan hvers aldurshóps sem ekki standast próf.....	13
Mynd 12: Kynjahlutföll meðal innflytjenda árin 1996-2012.	17
Tafla 1: Meðaltal og staðalfrávik stiga 2009-2012.	6
Tafla 2: Fjöldi þeirra sem hafa staðist og fallið á prófinu árin 2009-2012.....	6
Tafla 3: Innri fylgni prófhluta (Pearson's r).....	9
Tafla 4: Útskýrður breytileiki (r^2).	9
Tafla 5: Fjöldi próftaka flokkaður eftir staðsetningu próftöku árin 2009 til 2012.....	10
Tafla 6: Fjöldi þeirra sem tóku próf einu sinni og þeirra sem tóku próf tvisvar árið 2012.....	12
Tafla 7: Aldursdreifing próftaka árið 2012.	12
Tafla 8: Listi yfir upprunaldönd próftaka árin 2009-2012.	14
Tafla 9: Hlutfallsleg dreifing upprunalanda próftaka eftir heimsálfum.....	15
Tafla 10: Fjölmennustu upprunaldöndin árið 2012 annars vegar og árin 2009 til 2012 hins vegar.	15
Tafla 11: Frammistaða á prófinu 2009 til 2012 flokkuð aftir heimshlutum.	16
Tafla 12: Kynjahlutföll próftaka árin 2009-2012.	17
Tafla 13: Kynjamunur á frammistöðu frá 2009 til 2012.	17
Tafla 14: Kynjamunur á frammistöðu einstaklinga frá Suðaustur-Asíu á árunum 2009 til 2012.	18

Endurskoðun og framkvæmd

Á árinu 2012 var haldið áfram að þróa og endurnýja prófhluta. Lestextar voru endurnýjaðir að hluta svo og ritunarverkefni. Miðað er við einfaldar aðstæður úr daglegu lífi. Í stað teikninga í munnlegum hluta prófanna voru nú ljósmyndir af fólki í leik og starfi þar sem próftakar voru beðnir um að lýsa því sem fram fór á myndunum.


Settar hafa verið upp vinnureglur um framkvæmd prófanna sem farið er yfir með prófendum fyrir hverja lotu. Þar er farið yfir framvísun skilríkja, fyrirlögn prófs í smáatriðum og hvað þurfi að hafa við höndina þegar að prófi kemur. Til að skerpa á reglum um skilríki var haldinn fræðslufundur með lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu og í kjölfar þess fundar ákveðið að aðeins dvalarleyfisskírteini og/eða vegabréf væru tekin gild í próftöku. Öll próf eru nú höfð í lokuðum umslögum með nafni viðkomandi og raðað á borð áður en próf hefst.

Til að mæta vaxandi þörf fyrir próf fyrir lesblinda og þá sem notið hafa lítillar sem engrar skólagöngu í sínu heimalandi, voru haldnar svokallaðar sérлотur í Reykjavík og á Akureyri. Hafa þá verið lögð fram gögn til staðfestingar ónógri lestrarkunnáttu. Próf í sérлотum byggjast á hlustun og tali og voru þær haldnar á Akureyri og í Reykjavík. Sex próftakar þreyttu próf í sérлотu í Reykjavík og einn á Akureyri.


Próf voru að venju haldin í húsnæði Menntaskólans í Kópavogi, Austurbrú á Egilsstöðum, Rósenborg á Akureyri og í Fræðslumiðstöð Vestfjarða á Ísafirði. Fjölmennt var í lotum í Kópavogi og því var fjölgað prófendum og bætt við prófastofu fyrir munnlegt próf.

Dreifing stiga

Prófið skiptist niður í fjóra hluta, tvo skriflega og tvo munnlega líkt og árin á undan. Hver prófhluti gefur á bilinu núll til fimm stig og er spönn stigakvarðans því 40 stig yfir heildina. Meðalstigafjöldi yfir árið 2012 var 31,5 og var staðalfrávikikið 8,3. Eins og sést á meðfylgjandi mynd þá er dreifing stiganna talsvert skekkt af þeim fjölda sem fékk 40 stig.



Mynd 1: Dreifing heildarstiga árið 2012 skipt eftir tímabilum.



Mynd 2: Dreifing heildarstiga árin 2009-2012.

Fjöldi próftaka með fullt hús stiga hefur farið minnkandi í gegnum árin frá 2009 til dagsins í dag. Þegar litið er á töfluna hér að neðan má sjá hvernig meðaltal hefur farið lækkandi og staðalfrávik hækkað frá árinu 2009 sem skilar sér í meiri dreifingu í stigum ár frá ári.

Tafla 1: Meðaltal og staðalfrávik stiga 2009-2012.

	2009	2010	2011	2012
Meðaltal	34,9	33,4	32,9	31,6
Staðalfrávik	6,4	7,0	7,1	8,3


Til að einstaklingur nái prófinu þarf hann að ná 25 stigum yfir heildina. Stigin eru ekki vegin og gilda þau því öll jafnt á milli prófhluta. Lækkandi meðaltal og aukin dreifing í stigatölum getur bent til þess að einstaklingar séu í auknum mæli að falla á prófinu sem virðist vera raunin. Frá árinu 2009 hefur hlutfall einstaklinga sem standast prófið lækkað úr 92,9% niður í 81,4% og er meðaltal þeirra sem standast prófið í gegnum árin fjögur 86,7%.

Tafla 2: Fjöldi þeirra sem hafa staðist og fallið á prófinu árin 2009-2012.


	2009		2010		2011		2012		Öll árin	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Hafa ekki staðist	34	7,1	49	13,6	62	13,2	99	18,6	244	13,3
Hafa staðist	442	92,9	311	86,4	406	86,8	432	81,4	1591	86,7
<i>Samtals</i>	<i>476</i>	<i>100</i>	<i>360</i>	<i>100</i>	<i>468</i>	<i>100</i>	<i>531</i>	<i>100</i>	<i>1835</i>	<i>100</i>

Einstakir prófhlutar


Enginn marktækur munur virðist vera á milli frammistöðu einstaklinga eftir því hvort þeir tóku próf að sumri eða vetri. Talsverður munur er á frammistöðu milli skriflegra og munnlegra undirþátta prófsins. Frammistaða er almennt betri í munnlegum hluta prófsins og fær meirihluti próftaka fullt hús stiga í seinni hluta munnlega prófsins. Þetta verður til þess að minni dreifing er í stigadreifingu einstaklinga í munnlegum hlutum prófsins og ákveðin rjáfurhrif koma fram. Ástæður þess kunna að vera vegna lítilla tímamarka í fyrirlögn munnlegra prófa og oft er ekki farið yfir í næsta prófatriði fyrr en viðunandi svar kemur fram. Rjáfurhrif koma hins vegar ekki að sök í þessu prófi þar sem prófuð er lágmarkskunnátta próftaka og ekki er ætlunin að sjá hvar hann stendur í samanburði við aðra sem þreyta prófið.



Mynd 3: Stigadreifing í lestrarhluta prófsins 2012.



Mynd 4: Stigadreifing í hlustunarhluta prófsins 2012.



Mynd 5: Stigadreifing í ritunarhluta prófsins 2012.



Mynd 6: Stigadreifing í talhluta prófsins 2012.

Innri fylgni prófhluta

Tafla 3: Innri fylgni prófhluta (Pearson's r).

	Lestur	Hlustun	Ritun	Tal
Lestur	1,00			
Hlustun	0,63	1,00		
Ritun	0,61	0,60	1,00	
Tal	0,54	0,54	0,57	1,00

Allir fylgnistuðlar marktækir ($p < .01$)

Fylgni milli prófhluta er nokkuð há og eðlilegt þykir að fylgni munnlega hlutans hafi lægri fylgni við skriflega hluta prófsins og geta ástæður þess verið margbættar, mismunandi prófuppbygging, umhverfi og ólíkar kröfur um getu svo eitthvað sé nefnt. Sömuleiðis er eðlilegt að fylgni á milli lestrar- og hlustunarhluta prófsins sé hæst þar sem í þeim hlutum er ekki krafist ritunar- eða talkunnáttu ásamt því að einungis er prófað með fjölvalsspurningum.

Tafla 4: Útskýrður breytileiki (r^2).

	Lestur	Hlustun	Ritun	Tal
Lestur	1,00			
Hlustun	0,40	1,00		
Ritun	0,37	0,36	1,00	
Tal	0,29	0,29	0,32	1,00

Ef fylgnistuðullinn er settur í annað veldi fæst tala sem hentar betur til túlkunar. Ef henni er breytt í prósentur má sjá hvernig lestrarhlutinn útskýrir um 40% af breytileikanum í hlustunarhluta prófsins. Þá standa eftir 60% breytileikans sem ekki er útskýrður. Það sama gildir um innri fylgni annarra prófhluta.


Þátttakendur

Fjöldi próftaka


Tafla 5: Fjöldi próftaka flokkaður eftir staðsetningu próftöku árin 2009 til 2012.

	Sumar 2009 Fjöldi	Vetur 2009 Fjöldi	Sumar 2010 Fjöldi	Vetur 2010 Fjöldi	Sumar 2011 Fjöldi	Vetur 2011 Fjöldi	Sumar 2012 Fjöldi	Vetur 2012 Fjöldi	Samtals Fjöldi
Höfuðborgarsvæðið	186	228	154	169	202	215	246	212	1612
Akureyri	20	15	4	11	11	12	14	23	110
Ísafjörður	0	11	5	3	6	4	8	3	40
Egilsstaðir	0	16	10	4	12	6	13	12	73
<i>Samtals</i>	<i>206</i>	<i>270</i>	<i>173</i>	<i>187</i>	<i>231</i>	<i>237</i>	<i>281</i>	<i>250</i>	<i>1835</i>

Rétt eins og undanfarin ár eru fjölmennustu prófloturnar haldnar á Höfuðborgarsvæðinu. Fjöldi einstaklinga sem tekur prófið hefur verið að aukast að nýju eftir samdrátt í kjölfar hrunsins og í ár voru heildarpróftökur 533 talsins. Fyrsta árið sem prófin voru tekin upp voru próflotur einungis haldnar á Höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri sumarið 2009. Þetta getur verið möguleg ástæða þess að yfir fjórðungur þeirra sem tekið hefur prófið síðustu fjögur árin á Ísafirði tók það veturinn 2009, það er að segja að einstaklingar sem uppfylltu skilyrði fyrir umsókn um íslenskan ríkisborgararétt biðu þess að geta tekið próf í heimabyggð.




Mynd 7: Þróun í próftöku síðustu fjögur árin.



Mynd 8: Búseta próftaka flokkuð niður eftir landshlutum (Höfuðborgarsvæðið, Suðurnes, Vesturland, Vestfirðir, Norðurland Eystra, Norðurland Vestra, Austurland og Suðurland).

Mikill meirihluti próftaka er búsettur á höfuðborgarsvæðinu en svo virðist sem fæstir séu búsettir á Norðurlandi Vestra en minna en 1% próftaka síðustu fjögurra ára er eða hefur verið búsettur þar.



Mynd 9: Próftökahlutfall eftir prófstöðum (höfuðborgarsvæðið, Akureyri, Egilsstaðir og Ísafjörður).

Kortið hér að ofan sýnir hlutfall próftaka eftir prófstöðum. Þegar horft er á þetta kort í samhengi við kortið yfir búsetu próftaka má greina að einstaklingar sem taka próf ferðast milli landshluta til próftöku. Einstaklingar af Norðurlandi Vestra kunna að ferðast til Akureyrar til að þreyta próf á meðan einhverjir austarlega á Norðurlandi kunna að ferðast til Egilsstaða til að taka próf. Vert þykir

að benda á að 49 einstaklingar síðustu fjögur árin voru eða eru búsettir á Vestfjörðum á meðan einungis 40 manns hafa verið skráðir í próflotur sem haldnar hafa verið á Ísafirði. Það eru sem sagt færri einstaklingar sem taka próf á Ísafirði en eru skráðir með búsetu á svæðinu í kring, af þeim sem tekið hafa þátt í prófunum síðustu fjögur árin.

Tafla 6: Fjöldi þeirra sem tóku próf einu sinni og þeirra sem tóku próf tvisvar árið 2012.

	Fjöldi	%
Tóku próf einu sinni	508	95,3
Tóku próf tvisvar	25	4,7
<i>Samtals</i>	<i>533</i>	<i>100</i>

Einstaklingum sem ekki tekst að standast lágmarkskröfur um getu í íslensku gefst kostur á að taka prófið eins oft og þörf er á. Í ár voru 25 manns sem tóku prófið tvisvar og af þeim voru 16 sem stóðust prófið í seinna skiptið. Níu manns þurfa hins vegar að taka prófið aftur sumarið 2013 eða síðar til að öðlast íslenskan ríkisborgararétt.


Aldur próftaka

Flestir þeir sem tóku prófið frá 2009 til 2012 eru á aldrinum 30 til 35 ára. Meðalaldur próftaka síðustu fjögur árin er 35,9 ár. Taflan hér fyrir neðan sýnir skiptingu í aldursflokka fyrir árið 2012.

Tafla 7: Aldursdreifing próftaka árið 2012.

	Sumar 2012		Vetur 2012		Samtals	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
18 til 19	3	1,1	4	1,6	7	1,3
20 til 24	8	2,8	12	4,8	20	3,8
25 til 29	40	14,1	44	17,6	84	15,8
30 til 35	92	32,5	76	30,4	168	31,5
36 til 39	48	17,0	44	17,6	92	17,3
40 til 44	42	14,8	36	14,4	78	14,6
45 til 49	23	8,1	14	5,6	37	6,9
50 til 54	18	6,4	7	2,8	25	4,7
55 til 59	6	2,1	11	4,4	17	3,2
60 til 65	3	1,1	2	,8	5	,9
<i>Samtals</i>	<i>283</i>	<i>100</i>	<i>250</i>	<i>100</i>	<i>533</i>	<i>100</i>

Aldursdreifing próftaka árin 2009-2012




Mynd 10: Aldursdreifing próftaka árin 2009-2012.

Yfir 75% af próftökum síðustu fjögurra ára eru á aldrinum 25 til 44 ára. Stór hluti aldursdreifingarinnar er þannig á 20 ára bili.

Myndin hér að neðan sýnir aftur á móti hlutfall þeirra sem falla á prófinu innan hvers aldurshóps. Til dæmis má sjá að yfir 35% þeirra sem eru aldrinum 50 til 54 ára stóðust ekki prófið. Varast verður að túlka þessi hlutföll sem svo að einstaklingar á aldrinum 50 til 54 ára hafi verið fjölmennasti hópurinn sem féll á prófinu yfir heildina, fall innan þessa hóps var hins vegar mest.

Fall innan aldurshópa (2009-2012)



Mynd 11: Hlutfall einstaklinga innan hvers aldurshóps sem ekki standast próf.

Uppruni próftaka

Tafla 8: Listi yfir upprunalönd próftaka árin 2009-2012.

Albanía	Indland	Paragvæ
Alsír	Indónesía	Perú
Angóla	Írak	Portúgal
Argentína	Íran	Pólland
Armenía	Írland	Rúanda
Aserbaidjan	Ísrael	Rúmenía
Austurríki	Ítalía	Rússland
Ástralía	Jamaica	Sambía
Bandaríkin	Jemen	Senegal
Belgía	Jórdanía	Serbía
Benín	Júgóslavía	Sierra-Leone
Bosnía	Kambódía	Simbabve
Bólvía	Kameroon	Skotland
Brasilía	Kanada	Slóvakía
Bretland	Kasakstan	Spánn
Búlgarí	Kasakstan	Sri Lanka
Búrkína-Fasó	Kenía	Suður Afríka
Cabo Verde	Kína	Sviss
Chile	Kosovó	Svíþjóð
Danmörk	Kosta-Ríka	Sýrland
Dómeníkanska-Lýðveldið	Kólumbía	Tadjikistan
Egyptaland	Króatía	Taíland
Eistland	Kúba	Tansanía
Ekvador	Lettland	Tékkland
El Salvador	Litháen	Túnis
Eþíópía	Líbanon	Tyrkland
Filippseyjar	Líbía	Ungverjaland
Finnland	Makedonía	Úganda
Frakkland	Malí	Úkraína
Gambía	Marokkó	Úrúgvay
Georgía	Mexíkó	Venesúela
Ghana	Miðbaugs-Gínea	Víetnam
Gínea	Moldovía	Zanzibar
Grikkland	Mósambík	Þýskaland
Guyana	Namibía	
Gvatemala	Nepal	
Haití	Nígería	
Holland	Nýja-Sjáland	
Hondúras	Pakistan	
Hvíta-Rússland	Panama	

Í viðauka má finna töflu sem sýnir skiptingu skýrsluhöfunda niður í heimsálfur.

Tafla 9: Hlutfallsleg dreifing upprunalanda próftaka eftir heimsálfum.

	2009 %	2010 %	2011 %	2012 %
Evrópa	43,7	48,9	45,6	43,9
N-Ameríka	3,9	2,8	3,4	7,7
S-Ameríka	6,1	5,2	7,8	3,4
Asía	37,8	35,6	35,3	35,2
Afríka	8,3	6,3	7,6	9,0
Eyjaálfa	0,2	1,1	0,4	0,8
<i>Samtals</i>	<i>100</i>	<i>100</i>	<i>100</i>	<i>100</i>

Hlutföll próftaka frá mismunandi heimshornum breytast lítið í gegnum árin þó eitthvert flökt sé vissulega til staðar. Flestir sem þreyta prófið koma frá Evrópu og Asíu eða um og yfir 80% síðustu fjögur árin.

Tafla 10: Fjölmennustu upprunalöndin árið 2012 annars vegar og árin 2009 til 2012 hins vegar.

	2012	2009-2012
Upprunaland	Fjöldi	Fjöldi
Filippseyjar	79	225
Pólland	76	201
Taíland	36	137
Víetnam	36	132
Serbía	23	99
Kosovó	22	58
Rússland	20	70
Brasilía	15	23
Nepal	11	29
Bandaríkin	10	41
Kólumbía	10	18
Lettland	9	17
Úkraína	9	46
Spánn	8	13
Tyrkland	8	15
Albanía	7	15
Búlgaríá	7	18
Kenía	7	12
Marokkó	7	32
Rúmenía	7	24
Sri Lanka	7	11

Við sjáum ekki miklar breytingar í ár frá árunum á undan þegar kemur að fjölmennustu upprunalöndum próftaka. Langflestir koma frá Filippseyjum og Póllandi. Fjöldatölur byrja að jafnast út í kringum tíu einstaklinga mörkin.

Tafla 11: Frammistaða á prófinu 2009 til 2012 flokkuð aftir heimshlutum.

	Fall		staðið		<i>Samtals</i>	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	<i>Fjöldi</i>	<i>%</i>
Evrópa	64	8,3%	710	91,7%	<i>774</i>	<i>100%</i>
N-Ameríka	12	8,0%	138	92,0%	<i>150</i>	<i>100%</i>
S-Ameríka	4	9,8%	37	90,2%	<i>41</i>	<i>100%</i>
Asía	142	23,4%	465	76,6%	<i>607</i>	<i>100%</i>
Afríka	19	14,1%	116	85,9%	<i>135</i>	<i>100%</i>
Eyjaálfa	0	0,0%	12	100,0%	<i>12</i>	<i>100%</i>
Ekki vitað	3	2,6%	113	97,4%	<i>116</i>	<i>100%</i>
<i>Samtals</i>	<i>244</i>	<i>13,3%</i>	<i>1591</i>	<i>86,7%</i>	<i>1835</i>	<i>100%</i>


Sjá má í töflunni hér að ofan hvernig hlutfall þeirra sem falla er hæst meðal fólks frá Asíu. Það er að 23,4% einstaklinga frá Asíu sem tekið hafa prófið frá 2009 til 2012 hefur ekki staðist það. Þegar horft er til heildarinnar þá getum við séð að á árunum 2009 til 2012 þá skipa einstaklingar frá Asíu meira en helming þeirra sem hafa ekki staðist prófið (58%). Einstaklingar frá Afríku koma þar á eftir en 14,1% þeirra hefur ekki staðist prófið frá 2009 til 2012. Hlutföll annarra heimsálfa lenda undir heildar hlutfalli þeirra sem ekki standast próf (13,3%).

Kyn próftaka

Tafla 12: Kynjahlutföll próftaka árin 2009-2012.

	2009		2010		2011		2012		Öll árin	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Karlar	186	39,1	136	37,8	181	38,7	211	39,7	714	38,9
Konur	290	60,9	224	62,2	287	61,3	320	60,3	1121	61,1
<i>Samtals</i>	<i>476</i>	<i>100</i>	<i>360</i>	<i>100</i>	<i>468</i>	<i>100</i>	<i>531</i>	<i>100</i>	<i>1835</i>	<i>100</i>

Undanfarin ár hefur hlutfall kvenna sem þreyta íslenskupróf verið hærra en karla eða um 60%. Þetta er í nokkru samræmi við tölur hagstofunnar þar sem konur eru meirihluti innflytjenda til og með árinu 2005, en samkvæmt lögum um íslenskan ríkisborgararétt þá þurfa innflytjendur að jafnaði að hafa búið hér á bilinu fimm til sjö ár áður en sótt er um íslenskan ríkisborgararétt (Lög nr. 100. *Lög um íslenskan ríkisborgararétt.*). Ein möguleg ástæða þess að hlutfall karla sem taka íslenskupróf hækkaði ekki í kjölfar mikillar aukningar á meðal innflytjenda kann að vera tímabundin búseta karla hérlendis vegna framkvæmda við stóriðju.



Mynd 12: Kynjahlutföll meðal innflytjenda árin 1996-2012.

Tafla 13: Kynjamunur á frammistöðu frá 2009 til 2012.

	Karlar		Konur	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Fall	107	15,0	137	12,2
Staðið	607	85,0	984	87,8
<i>Heild</i>	<i>714</i>	<i>100</i>	<i>1121</i>	<i>100</i>

Taflan hér að ofan hefur að geyma upplýsingar um frammistöðu einstaklinga flokkaðar niður eftir því hvort einstaklingur stóðst prófið eða féll og hvers kyns hann er. Þegar á heildina er litið er sá munur sem sést í töflunni utan skekkjumarka og því ekki marktækur ($p > .05$). Þegar litið er til einstakra

heimshluta kemur hins vegar í ljós að karlar frá Suðaustur-Asíu voru líklegri en konurnar til að falla á prófinu. Marktækur munur kom ekki fram í öðrum heimshlutum.

Tafla 14: Kynjamunur á frammistöðu einstaklinga frá Suðaustur-Asíu á árunum 2009 til 2012.

	Karlar		Konur	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Fall	63	31,0%	78	20,6%
Staðið	140	69,0%	301	79,4%
<i>Heild</i>	203	100,0%	379	100,0%

Munur marktækur (p. = .006).

Mögulegar ástæður þessa muns eru margar og utan sviðs þessarar skýrslu, því verður ekki farið frekar út í vangaveltur þess efnis.

Viðauki

Heimsálfra	Þjóð	Heimsálfra	Þjóð	Heimsálfra	Þjóð
V-Evrópa	Bretland	N-ameríka	Bandaríkin	SA-Asía	Filippseyjar
	Frakkland		Filippseyjar		Indland
	Holland		Indland		Indónesía
	Írland		Kanada		Kína
	Portúgal		Litháen		Nepal
	Spánn		Marokkó		Pakistan
	Svíþjóð		Pólland		Sri Lanka
	Þýskaland		Serbía		Taíland
	Sviss		Taíland		Víetnam
	Skotland		Víetnam		Kambódía
	Ítalía		Úrúgvay	N-afrika	Egyptaland
	Grikkland		Úganda		Líbía
	Finnland		Júgóslavía		Marokkó
	Belgía		Mið-ameríka	Gvatemala	Túnis
	Austurríki			Hondúras	Cabo Verde
	Danmörk	Jamaica		S-Afrika	Alsír
	A-Evrópa	Albanía			Kúba
Bosnía		Mexíkó	Búrkína-Fasó		
Búlgaríja		Panama	Eþíópía		
Hvíta-Rússland		Kosta-Ríka	Ghana		
Kosovó		Haití	Gínea		
Króatía		El Salvador	Kameroun		
Lettland		Dóm.-Lýðveldið	Kenía		
Litháen		S-Ameríka	Argentína		Miðbaugs-Gínea
Makedonía			Brasilía		Namibía
Moldovía			Chile	Nígíría	
Pólland			Ekvador	Senegal	
Rúmenía			Kólumbía	Sierra-Leone	
Rússland			Paragvæ	Tansanía	
Serbía			Perú	Zanzibar	
Slóvakía		Venesúela	Úganda		
Tékkland		Úrúgvay	Suður Afrika		
Tyrkland		Guyana	Simbabve		
Úkraína	Bólivía	Sambía			
Ungverjaland	SV-Asía	Írak	Rúanda		
Júgóslavía		Íran	Mósambík		
Gambía		Ísrael	Malí		
Eistland		Sýrland	Angóla		
Aserbaidjan		Líbanon	Eyjaálfa	Ástralía	
Armenía	Jórdanía	Nýja-Sjáland			
	Jemen				
	Georgía				
	Mið-Asía	Kasakstan			
		Tadjikistan			
		Kasakstan			